



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



RAVEL ^{OG} SIBELIUS

12. SEPTEMBER
2019

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Stúlkan frá Arles, svíta: 17'

Píanókoncert: 20'

Aeriality: 14'

Sinfónía: 38'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Jean-Efflam Bavouzet áritar geisladiska í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNeyTID



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili

GAMMA

FM 12 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UPPHAFSTÓNLEIKAR

RAVEL OG SIBELIUS

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Jean-Efflam Bavouzet
einleikari

EFNISSKRÁ

Georges Bizet

Stúlkan frá Arles, úrval úr svítum (1872/1879)

Pastorale

Carillon

Minuet

Adagietto

Farandole

Maurice Ravel

Píanókonsert fyrir vinstri hönd í D-dúr (1929–1930)

Lento – Andante – Allegro – Tempo I

Hlé

Anna Porvaldsdóttir

Aeriality (2011)

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 1 í e-moll, op. 39 (1898–99)

Andante ma non troppo – Allegro energico

Andante (ma non troppo lento)

Scherzo – Allegro

Finale (Quasi una Fantasia): Andante – Allegro molto

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar- fjölskyldu; faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóní- unnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Tortelier gegndi stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2016–2019 og mun stjórna tónleikaferð sveitarinnar til Bretlands í febrúar 2020.

UM TÓNLEIKANA

Á þessum fyrstu áskriftar- tónleikum starfsársins hljómar glæsileg efnisskrá með franskri og norrænni tónlist. Þessi efnis- skrá verður svo tekin aftur upp í febrúar 2020, en þá heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Yan Pascal Tortelier í tónleikaferð til Bretlands.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbygðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw- hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníusveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montréal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandosútgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulsterhljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsætning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Nýverið kom út hljómdiskur þar sem Tortelier stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands í tveimur sinfóníum eftir franska tónskáldið Charles Gounod. Árið 2017 var Tortelier sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskar tónlistar á heimsvísu.



JEAN-EFFLAM BAVOUZET

EINLEIKARI

Jean-Efflam Bavouzet fæddist í Frakklandi 1962 og lærði píanóleik við Konservatóríð í París. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hljómsveitarstjórinn kunnir, Georg Solti, valdi hann til að debútera á tónleikum með Orchestre de Paris árið 1995.

Bavouzet hefur komið fram með hljómsveitarstjórum á borð við Pierre Boulez, Vladimir Jurowski, Andris Nelsons og Iván Fischer og leikur reglulega með hljómsveitum á borð við Cleveland-hljómsveitina, Sinfóníuhljómsveitina í San Francisco, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna og BBC-sinfóníuhljómsveitina. Bavouzet hefur komið fram á upphafstónleikum Mostly Mozart-hátíðarinnar í Lincoln Center í New York og á Proms-tónlistarhátíð Breska ríkisútvarpsins, auk þess sem hann hefur leikið í öllum helstu tónleikasölum heims og haldið einleikstónleika m.a. í Wigmore Hall og Concertgebouw-salnum í Amsterdam.

Bavouzet hefur hljóðritað fjölda hljómdiska fyrir Hyperion-útgáfuna, meðal annars píanósónötur eftir Haydn og Beethoven, konserta Bartóks og píanótónlist Debussys. Diskar hans hafa hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar, meðal annars tvönn Gramophone-verðlaun fyrir konserta eftir Debussy og Ravel, og fyrir fjórða hefti af píanótónlist Debussys. Einnig hefur hann hlotið BBC Music Magazine-verðlaunin, Choc de la Musique, og Diapason d'Or. Þá hlaut hann „International Classical Music Awards“ verðlaunin árið 2012 og sama ár var hann tilnefndur til Gramophone-verðlauna í flokknum Tónlistarmaður ársins.

Meðal hápunkta síðasta starfsárs voru tónleikar í Lincoln Center í New York ásamt Fílharmóníusveit Lundúna, tónleikar með Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Monte Carlo, tónleikaferðalag um Kína og einleikstónleikar í Louvre í París og Wigmore Hall í Lundúnum. Bavouzet hefur einu sinni áður leikið á Íslandi, píanókonsert Ravels í G-dúr á Listahátíð í Reykjavík vorið 2016.



GEORGES BIZET

STÚLKAN FRÁ ARLES

Georges Bizet (1838–1875) var eitt mesta undrabarn 19. aldarinnar í tónlist. Hann var tekinn inn í tónlistarháskóla Parísar tveimur vikum fyrir tíu ára afmæli sitt og þótti framúrskarandi nemandi; bæði Liszt og Berlioz luku lofsorði á píanóleik hans. Nítján ára gamall hlaut hann fyrstu verðlaun í virtustu tónsmíðakeppni heims á þeirri tíð, Prix de Rome, sem tryggði sigurvegurum dvöl á Ítalíu um þriggja ára skeið. Þrátt fyrir alla hæfileikana reyndist Bizet erfitt að koma sér á framfæri eftir að heim var komið, og óperur hans – *Perlukafararnir* og *Carmen* – vöktu litla hrifningu fyrir en að honum látnum.

Líklega varð fjárskortur til þess að Bizet tók að sér að semja tónlist við leikritið *L'Arlésienne* eftir skáldið Alphonse Daudet árið 1872. Leikritið þótti – og þykir raunar enn – rýrt að gæðum og hefur ekki staðist tímans tönn. Sagan segir frá ungum bónda sem elskar stúlku frá Arles, en hún hrifst af vafasömum hrossakaupmanni. Bóndinn reynir að gleyma stúlkunni og trúlofast annarri, en þá rekst hann fyrir einskæra tilviljun á hrossakaupmanninn og fær sá fundur svo á hann að hann sviptir sig lífi.

Leikritið naut lítilla vinsælda og gleymdist fljótt en nú bar svo við að tónlist Bizets vakti mikla hrifningu og þótti raunar hið eina eftirtektarverða við uppfærsluna. Því tók Bizet saman nokkur atriði úr leikhústónlistinni og útsetti sem svítu. Árið 1879, fjórum árum eftir lát tónskáldsins, gerði samverkamaður hans Ernest Guiraud aðra svítu upp úr tónlistinni enda var af nógu að taka; númerin sem Bizet samdi við leikrit Daudets eru alls 27 talsins, flest raunar nokkuð stutt. Í kvöld hljóma kaflar úr svítunum báðum. Vinsælasti þátturinn er eflaust *Farandole*, þar sem líflegt þjóðlag frá Provence er klætt upp í glæsilegan hljómsveitarbúning.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrri svíta Bizets úr *L'Arlésienne* hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi á tónleikum Hljómsveitar Reykjavíkur í Nýja bíói undir stjórn Sigfúsar Einarssonar í mars 1925. Hljómsveitin taldi aðeins 16 manns og gat einn gagnrýnandi þess að „nokkuð vantaði á þann fjölda, sem jafnvel hin smærri „sýmfóníu-orkester“ eiga að hafa, svo að fullt jafnvægi og hljómfylling náist“. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur nokkrum sinnum flutt þætti úr svítum Bizets, meðal annars á tónleikaferð um Norðurland árið 1999 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar. Síðast lék hljómsveitin svítu úr verkinu haustið 2016 og þá sem nú hélt Yan Pascal Tortelier um tónsprotann. Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík lék einnig þætti úr svítunum árið 1992 undir stjórn Kjartans Óskarssonar og sama gerði Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á tónleikum í Glerárkirkju 2000 og 2002.



MAURICE RAVEL

PIÁNÓKONSERT FYRIR VINSTRI HÖND

Flest hljóðfæri eru þess eðlis að tvær hendur þarf til að leika á þau, en á píanó má ná fram undraverðum tónum jafnvel þótt aðeins sé leikið með annarri hendi. Nokkur tónskáld 19. aldar nýttu sér þetta þegar þau vildu setja flytjendum tiltekna skorður, til dæmis Brahms í umritun sinni fyrir vinstri hönd á fiðlusjakonnu Bachs (1877) eða Skrjabín í næturljóði fyrir vinstri hönd frá 1894. Vinstri handar píanóverkum fjölgaði þó til muna á fyrri hluta 20. aldar þökk sé einum manni. Paul Wittgenstein var 26 ára píanisti (og bróðir Ludwigs heimspekings) sem barðist í austurríska hernum í heimsstyrjöldinni fyrri. Haustið 1914 fékk hann skot í hægri handlegginn í kúlnaregni rússneskrar herdeildar og læknafróðir sáu ekki önnur ráð til að bjarga lífi hans en aflimun.

Þrátt fyrir þetta mikla áfall tókst Wittgenstein með þrautseigju að koma sér á framfæri eftir að stríðinu lauk og hann pantaði ný verk hjá mörgum helstu tónskáldum 20. aldar. Richard Strauss, Sergei Prokofjev og Benjamin Britten sömdu allir fyrir hann verk, en sú tónsmíð sem hljómar hvað tíðast í dag af pöntunum Wittgensteins er konsert Maurice Ravels (1875–1937) fyrir vinstri hönd. Þeir Wittgenstein hittust í fyrsta sinn vorið 1929, og í september 1930 var konsertinn fullgerður. Ravel var um þetta leyti á hátindi ferils síns og heillaðist af þeim takmörkunum sem fylgdu slíkri áskorun. Þetta var ein síðasta stóra tónsmíðin sem Ravel lauk við. Hann lenti í bílslysi árið 1933 og fór skömmu síðar að sýna merki málstols sem einnig hafði áhrif á tónsmíðar hans; hann heyrði tónlist í huganum en honum var um megn að festa hana á blað.

Konsertinn er einþáttungur sem skiptist í tvo hluta. Sá fyrri er hægur, og víða má greina áhrif djassins sem heillaði Ravel mjög um þetta leyti; dæmi um áhuga hans má til dæmis einnig heyrja í fiðlusónötu hans og píanókonsertinum í G-dúr (fyrir tvær hendur). Seinni hluti konsertsins er eins konar mars; hér leikur einleikarinn dansandi stef sem undir lokin hljómar um leið og djass-stefið úr fyrri hlutanum. Þótt konsertinn sé í styttra lagi gefur hann píanistanum ótal tækifæri til að sýna listir sínar. Þrátt fyrir tæknilegar takmarkanir spannar einleiksparturinn allt tónsviðið og Ravel tekst það sem að var stefnt, að láta píanóróddina hljóma eins og þar séu tvær hendur að leik.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur nú konsert Ravels fyrir vinstri hönd í fjórða sinn. Áður hafa píanóleikararnir Pascal Rogé (1980), Philippe Cassard (2001) og Steven Osborne (2012) leikið konsertinn með hljómsveitinni.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

AERIALITY

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) er eitt kunnasta samtíma-tónskáld af yngri kynslóðinni um þessar mundir. Verk hennar hafa komið út á hljómdiskum hjá Deutsche Grammophon og Sono Luminus, og hún hefur samið m.a. fyrir Ensemble Intercontemporain, The International Contemporary Ensemble (ICE) og The Crossing Choir. Hún hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012 fyrir verk sitt *Dreymi*, sem var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Anna er nú staðartónskáld SÍ og gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar. Hún situr í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og er í forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju, sem er samstarfsverkefni Sinfóníunnar og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og miðar að því að veita ungum tónskáldum reynslu í að semja fyrir sinfóníuhljómsveit.

Anna hlaut hin virtu Kravis Emerging Composer Award hjá Fílharmóníusveit New York-borgar og í kjölfarið samdi hún verkið *Metacosmos* sérstaklega fyrir hljómsveitina. Verk hennar hafa verið flutt af mörgum helstu hljómsveitum heims, meðal annars Fílharmóníusveit Berlínar og Fílharmóníusveit New York undir stjórn Alans Gilbert, Fílharmóníusveit Los Angeles og hljómsveitinni Fílharmóníu í Lundúnum undir stjórn Esa-Pekka Salonen, og þannig mætti lengi telja.

Anna samdi *Aeriality* fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur eftirfarandi orð um verkið: „*Aeriality* dansar á mörkum hljómsveitartónlistar og hljóðlistar, en í verkinu fléttast saman lagræn tónefni og þykkir hljóðmassar. Að hluta til samanstendur verkið af þykkum hljómunum þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar renna saman í eitt og mynda margradða hljóðvegg. Mörkin á milli einstakra hljóðfæra verða óljós og hljómsveitin verður að þéttum massa. Við hápunkt verksins byggist upp breiður og óræður hljóðmassi. Hann leysist síðan upp í stutta lagræna hugleiðingu sem blómstrar í skamma stund og skilur eftir sig skugga af sjálfri sér. Orðið *Aeriality* vísar til þess að vera í lausu lofti, án haldreipis, og þannig bæði til frelsis og óróleika. Þá vísar orðið einnig til þeirrar yfirsýnar sem fæst úr lofti en ekki frá jörðu. Titill verksins er ennfremur orðaleikur þar sem orðunum *aerial* og *reality* er blandað saman til að skapa andstæður; *reality* ber tilvísun í jörð, hið raunverulega, og *aerial* í himinn, eða hið ósnertanlega.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti *Aeriality* undir stjórn Ilans Volkov í Hörpu árið 2011. Hljómsveitin hefur leikið það oft síðan, meðal annars í Kennedy Center í Washington D.C. árið 2014 og í Gautaborg árið 2017, auk þess sem hljóðritun Sinfóníuhljómsveitarinnar á verkinu kom út hjá Deutsche Grammophon árið 2014. Verkið hefur hljómað víða um heim í flutningi erlendra hljómsveita og hljómsveitarstjóra, m.a. í Elbphilharmonie í Hamborg, Walt Disney Hall í Los Angeles og Royal Festival Hall í Lundúnum undir stjórn Esa-Pekka Salonen og í Lincoln Center í New York undir stjórn Alans Gilbert.



JEAN SIBELIUS

SINFÓNÍA NR. 1

Jean Sibelius (1865–1957) samdi fyrstu sífóníu sína árið 1899, ríflega þrítugur að aldri og óðum að ná fullum þroska sem tónskáld. Sífónían er því ekki æskuverk þótt hún sé um margt fremur hefðbundin í formi og stíl. Í henni má greina áhrif hinna ýmsu tónskálda sem Sibelius leit upp til á þessum árum, ekki síst Tsjajkovskíjs. Um leið glittir í tónmál sem ekki á sér neina hliðstæðu. Fyrsta sífónía Sibeliusar hljómar fremur sjaldan á tónleikum, að minnsta kosti í samanburði við sífóníur nr. 2 og 5, en margir vilja meina að hún verðskuldi meiri athygli og sé raunar ein áhugaverðasta „fyrsta sífónía“ 19. aldar.

Sibelius stýrði sjálfur frumflutningnum í Helsinki í apríl 1899. Viðtökur voru þrýðilegar og Fílharmóníusveit Helsinki fór með verknið á tónleikaferð, lék það víða á Norðurlöndum, í Þýskalandi og á heimssýningunni frægu í París. Finnisk menning þurfti á málsvara að halda sem aldrei fyrir. Stórfurstadæmið Finnland hafði um áratuga skeið verið sjálfstætt ríki innan Rússneska keisaradæmisins, en í febrúar 1899 skipaði Nikulás II. Rússakeisari að afnema skyldi stjórnarskrá þess, og tók þar með skref í þá átt að innlima landið í Rússland. Raddir sjálfstæðis urðu sífellt háværari og þar með fékk tónlist Sibeliusar nýtt vægi, enda sótti hann í vaxandi mæli innblástur í finnskan þjóðararf.

Fyrsta sífónían er tiltölulega hefðbundin hvað form snertir. Upphafskafllinn hefst á dulúðlegu klarínnettustefi við ókyrran nið þákunnar. Þótt Sibelius noti tónefnið af næstum klassískri sparsemi ólgar hér allt og kraumar af rómantískum blóðhita, svo minnir helst á *Pathétique*-sífóníu Tsjajkovskíjs, sem varð til aðeins sex árum fyrir. Annar þáttur spannar einnig breitt svið tilfinninga. Hann hefst á undurveiku stefi sem gengur í gegnum nokkrar breytingar. Smám saman verður til áhrifamikill hápunktur en tónlistin róast þegar meginstefið hljómar í hinsta sinn. Þriðji kafllinn er scherzó og hefst á aðsópsmiklum þákuslætti sem helst minnir á sambærilega þætti í verkum Bruckners. Ekki líða þó nema nokkrir taktar þar til síðrómantískur kraftur víkur fyrir léttleika í átt við Mendelssohn. Lokakafllinn ólgar af tilfinningahita og dramatískri tjáningu, og enn sem oftar er Tsjajkovskíj ekki langt undan. Þó hefði rússneski áhrifavaldurinn varla staðist freistinguna að láta kafllann enda með björtu og glæsilegu sigurstefi, en hér eru endalokin bókstaflega tragísk.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sífóníuhljómsveit Íslands hefur leikið fyrstu sífóníu Sibeliusar tíu sinnum á tónleikum, fyrst undir stjórn Tauno Hannikainen árið 1965. Síðan hafa stjórnað sífóníunni þeir Proinsías Ó Duinn (1972), Karsten Andersen (1975 og 1978), Páll P. Pálsson (1981), Petri Sakari (1988 og 2008), Rico Sacconi (2000), Christian Lindberg (2004) og Anna-María Helsing (2015).

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

12. SEPTEMBER 2019

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lalli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pascal La Rosa
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Benedikte Damgaard
Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Pétur Björnsson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir

Herdís Anna Jónsdóttir
Łucja Koczot
Móeiður Anna Sigurðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir

BASSI

Xun Yang
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Valur Pálsson
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Margreet Houtman
Baldvín Tryggvason

SAXÓFÓNN

Sigurður Flosason

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Helgi Þorleiksson
Pétur Grétarsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgeststjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

Á DÖFINNI



SINFÓNÍAN FÆR FRÁBÆRA DÓMA Í GRAMOPHONE OG BBC MUSIC

Nýjasti geisladiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands með tveimur sinfóníum franska tónskáldsins Charles Gounod undir stjórn Yan Pascal Tortelier hefur fengið fimm stjörnu dóm í BBC Music og var valinn einn af tíu bestu útgáfum mánaðarins hjá Gramophone.

Diskurinn fæst í Epal í Hörpu og hjá Smekkleysu og verður einnig til sölu í hléi á tónleikum hljómsveitarinnar í kvöld. Þar mun einleikari kvöldsins Jean-Efflam Bavouzet einnig árita sína diska.



FIM 19^{SE} 19:30

DEBUSSY OG PROKOFÍEV

Á þessum tónleikum hljóma tvö lykilverk 20. aldar en einnig nýleg verðlaunatónsmíð sem farið hefur sigurför um heiminn. Sergej Prokofjev samdi fimmtu sinfóníu sína á aðeins einum mánuði sumarið 1944. Þetta er kraftmikil og glæsileg tónsmíð og hefur lengi verið meðal hans vinsælustu verka. Tímamótaverkið *Síðdegi skógarpúkans* eftir Debussy er litríkt verk, innblásið af ljóði um drauma og langanir skógarpúka í síðdegissvækju. Hin bandaríska Jennifer Higdon er meðal fremstu tónskálda Bandaríkjanna. Hún hlaut hin virtu Pulitzer-verðlaun árið 2010 fyrir fiðlukonsert sinn, sem leikinn er af Benjamin Beilman undir stjórn Rodericks Cox.



SUN 22^{SE} 17:00

10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR UNGSVEITAR SÍ ÓÐURINN TIL GLEÐINNAR

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 og hefur síðan verið meðal máttarstólpa hljómsveitarstarfs fyrir ungt tónlistarfolk hér á landi. Á hverju ári hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitarinnar og náð undra- verðum árangri. Ungsveit SÍ var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017. Í tilefni af tíu ára afmæli Ungsveitarinnar verður efnt til glæsilegra hátíðartónleika þar sem Níunda sinfónía Beethovens verður flutt með úrvalslíði ungra einsöngvara og æskukóra. Það verður mikilfengleg sjón að sjá yfir 200 íslensk ungmenni taka höndum saman um að flytja þetta magnaða verk og ekki síst lokaþáttinn, sjálfan *Óðinn til gleðinnar*. Hljómsveitarstjóri er Daniel Raiskin.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

REGNBOGAKORT


SETTU SAMAN ÞÍNA EIGIN SNILLD

Þín eigin tónleikaröð með
20% afslætti

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

**Nú er hægt að kaupa áskrift og
Regnbogakort á sinfonia.is.**

Námsmenn, 25 ára og yngri,
fá 50% afslátt á verðsvæðum 2 og 3
í miðasölu Hörpu.



@icelandsymphony / #sinfó

SALA ÁSKRIFTARKORTA
Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50